



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við  
opnun sýningar  
Alexander Rodchenko  
BYLTING Í LJÓSMYNDUN  
og  
sýningarinnar  
KJARVAL BANKANNA  
Listasafni Reykjavíkur  
5. október 2013**

Góðir sýningagestir

Fyrir rúmri viku opnuðum við í Rússneska ríkislistasafninu í Pétursborg sýningu á verkum Jóhannesar Kjarval, líklegast umfangsmestu yfirlitssýningu á verkum meistarans sem haldin hefur verið í evrópsku höfuðsafni.

Það var gaman að sjá hvernig mosinn og hraunið, fjöllin, víðáttan, heimar huldufólksins, klettar og leikur álfanna, samspil náttúru og ævintýra í litadýrð Kjarvals sómdri sér á gömlum veggjum Marmarahallarinnar í Pétursborg; á vissan hátt ögrun að setja verk hans í þetta hávirðulega umhverfi evrópskrar listar en svo gleði í hugum okkar allra, Íslendinganna sem þar vorum stödd, að verða vitni að þeim þáttaskilum þegar Jóhannesi Kjarval var skipað í öndvegi á slíkum stað, settur á vegg með evrópskum meisturum síðustu aldar.

Sýningin, samvinnuverkefni Listasafns Reykjavíkur og hinna rússnesku gestgjafa, stutt dyggilega af forseta Rússlands, stjórnvöldum og ekki síst sendiherra landsins Andrey Tsyganov, er samofin hátíðarhöldum í tilefni þess að nú fögnum við 70 ára afmæli stjórnmalasambands Íslands og Rússlands.

Slík tenging er vissulega við hæfi því menning og listir hafa verið ríkur þáttur í samskiptum þjóðanna, ekki síður en sala á karfa og síld, ull og lopa, olíu og timbri; bílum fyrir alþýðuna.

Við munum mörg sem eldri erum þegar rússneskir söngvarar og tónlistarfólk heimsóttu Reykjavík sem þá átti varla annað hús en Austurbæjarbíó fyrir slíka viðburði; listafólk sem fór svo um landið, söng og lék í félagsheimilum hinna dreifðu byggða; heimslistin komin í sjávarplássin.

Kvikmyndir rússnesku meistaranna og frásagnir af viðbrögðunum sem bækur Halldórs Laxness fengu þar eystra; lestur okkar á höfuðskáldum Rússlands í íslenskum þýðingum – allt hefur þetta verið hluti af sögu þessara tengsla.

Já, hún er sterk menningartaugin sem tengt hefur okkur og Rússa; kannski slá víðáttan og vetur í norðri eins á strengi sálar þótt aðstæður séu óneitanlega ólíkar og fjarlægðir miklar.

Kjarvalssýningin í Pétursborg var því í senn hlekkur í sterkri keðju og einstakur heiðursvottur við meistarar þessa húss, fátækan bóndason frá Borgarfirði eystra, sjómanninn sem hlýddi köllun sinni.

Hér í dag göngum við svo inn í heim samtíðarmanns Kjarvals, heim eldhuga sem einnig var knúinn áfram af ástríðu til að umbylta hefðbundnum formum, þörfinni fyrir að sjá veröldina, hversdagsleikann og mannfólkið í óvæntu ljósi.

Alexander Rodchenko lagði ásamt fámennum hópi grunninn að rússneskri nútímalist en ólíkt Kjarval, sem varð eftirlæti Íslendinga á efri árum, eins konar þjóðhetja og goðsögn, bjó Rodchenko við þau örlög að vera við lok ævinnar svikinn af flestum, rekinn úr Bandalagi listamanna, fátækur og farinn að heilsu. Einungis nánasta fjölskylda stóð um hann vörð og ákvað að stofna sjálf safn með ljósmyndum, Hús myndanna í Moskvu.

Það er erfitt að gera sér nú í hugarlund hvernig ólgan, átökin og óvissan mörkuðu af miskunnarleysi líf rússneskra listamanna á árunum milli stríðanna miklu, en þessi deigla varð einnig uppspretta hugmynda og verka sem reyndust burðarásar í nýsköpun aldarinnar.

Rodchenko var á vissan hátt leiðtogi þessara uppreisnarafla, hafnaði óhikað viðteknum venjum. Ljósmyndirnar voru byltingartækið, hin beittu skeyti sem hann sendi samtíð sinni – en hann var líka skapandi í hönnun, leikhúsi og málverkum; kunni að ydda boðskapinn.

„Verum sönn í stað þess að þykjast vera mennsk! Ljúgið ekki! Segið sannleikann! Þarf land sósíalismsans búktalara? Trúðarnir geta aldrei orðið raunsæismenn!“

Það mætti lengi rifja upp orðin, hugsanir á ögurstundu, hertar í hildarleiknum. Stundum örvænting, nagandi ótti um að allt kunni að tapast.

En byltingarsinninn er samt kominn hingað í dag, hrópandinn sem fórnaði öllu, engum trúr nema listinni. Líkt og Kjarval í heiðurssæti þegar ríkin tvö, Ísland og Rússland, kjósa að halda upp á stórafmæli stjórn málasambands.

Þeim hefði sjálfsagt báðum, Rodchenko og Kjarval, þótt það undarleg örlagagletta að ríkisvaldið í löndunum báðum skyldi á nýrri öld setja þá í slíkan heiðurssess; annar hafnaði fálkaorðunni í frægri afmælisveislu í Ráðherrabústaðnum, hinn var á ævikvöldi í hópi hinna útskúfuðu.

En þannig sigrar listin að lokum ríkisvaldið!

Og því er við hæfi að menningin sé kjarninn í hátíðarhöldum í tilefni af merkjum áfanga í tengslum Íslands og Rússlands: Sýningar á verkum Kjarvals í Pétursborg og Rodchenko á Kjarvalsstöðum, frábærir tónleikar í Hörpunni í gær og gjöf orðabóka til rússneskra safna og fræðasetra.

Það er svo enn ein tegund hinnar ögrandi íróníu að á fimm ára afmæli bankahrunsins skuli Listasafn Reykjavíkur líka sýna okkur hve vel bankarnir á fyrri tíð ræktuðu stuðninginn við íslenska listamenn, keyptu málverk þegar fáir voru um boðið, gerðu raunar fjölmörgum listamönnum kleift að lifa af mánaðarmótin; halda áfram að skapa, áhyggjulitlir um sinn.

Þannig getum við hér í dag gengið um sali og ekki aðeins notið verka Rodchenko og Kjarvals heldur líka hugleitt hvernig sagan leikur ríkisvaldið og bankana því bæði stjórnvöldin sem settu Rodchenko út af sakramenti og bankarnir sem björguðu fjárhag Kjarvals hurfu einn góðan veðurdag; en listin lifir allt þetta af og kemur okkur sífellt á óvart. Hér koma saman margir þræðir og leikhús sögunnar í ólíkum myndum.

Ég þakka öllum sem komið hafa að þessum merkjum og skemmtilegu viðburðum og lýsi sýninguna á verkum Alexander Rodchenko í Listasafni Reykjavíkur og sýninguna Mynd af heild númer 2, Kjarval bankanna hér með báðar opnaðar.